



Reykjavík 18. desember 2012

## **Kaup framkvæmdastjóra á bifreið í eigu Sameinaða lífeyrissjóðsins**

Fjármálaeftirlitið framkvæmdi, með vísan til 44. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, athugun á sölu bifreiðar í eigu Sameinaða lífeyrissjóðsins til framkvæmdastjóra sjóðsins og lánveitingu til framkvæmdastjóra tengda kaupunum.

Samkvæmt gögnum málsins samþykkti stjórn Sameinaða lífeyrissjóðsins að selja framkvæmdastjóra sjóðsins bifreið í eigu sjóðsins í tengslum við breytingar á bifreiðahlunnindum framkvæmdastjórans. Formlegt verðmat lá ekki fyrir við sölu bifreiðarinnar en stjórn var kunnugt um að markaðsverð hennar væri líklega hærra en umrætt söluverð en taldi að líta skyldi á samningsverðið sem hluta af þeirri breytingu sem lögð væri til á bifreiðahlunnindum framkvæmdastjóra. Fjármálaeftirlitið taldi ekki tilefni til athugasemda vegna söluverðs bifreiðarinnar en beindi því þó til sjóðsins, að með hliðsjón af heilbrigðum og eðlilegum viðskiptaháttum, sbr. 4. mgr. 44. gr. laga nr. 129/1997 og 1. mgr. 36. gr. sömu laga, um að stjórn skuli ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma og með hliðsjón af orðsporsáhættu sjóðsins, að eðlilegra hefði verið að setja bifreiðina á sölu og leita tilboða í stað þess að selja hana aðila tengdum lífeyrissjóðnum á fjárhæð sem gæti virst undir markaðsvirði bifreiðarinnar.

Í tengslum við framangreinda sölu bifreiðar til framkvæmdastjóra sjóðsins samþykkti stjórn sjóðsins að veita framkvæmdastjórannum lán fyrir bifreiðinni. Samkvæmt kaupsamningi og afsali fyrir bifreiðinni staðgreiddi framkvæmdastjóri hluta kaupverðsins sama dag en eftirstöðvar kaupverðsins skyldu greiddar með því sem næst jöfnum afborgunum næstu 5 mánuði. Af samningnum má sjá að ekki var reiknað með að vextir yrðu greiddir af láninu. Fjármálaeftirlitið óskaði skýringa sjóðsins á hvernig framangreindur gerningur væri í samræmi við 4. mgr. 38. gr. laga nr. 129/1997 um að lífeyrissjóði sé óheimilt að veita lán til framkvæmdastjóra sjóðsins nema hann sé félagi í sjóðnum og þá eftir þeim reglum sem gilda um lán til sjóðfélaga almennt. Lífeyrissjóðurinn benti á að um einstakt tilfelli hafi verið að ræða sem sneri að breytingum á starfskjörum framkvæmdastjóra sjóðsins og því væri ekki unnt að heimfæra þessi viðskipti upp á venjubundin viðskipti við sjóðfélaga sjóðsins. Fjármálaeftirlitið taldi ekki tilefni til að fallast á að um sérstakt tilvik hafi verið að ræða sem heimilaði sjóðnum að brjóta gegn 4. mgr. 38. gr. laga nr. 129/1997, enda væri það mat Fjármálaeftirlitsins að ákvæði 4. mgr. 38. gr. væri einkum ætlað að koma í veg fyrir óeðlilegar lánveitingar og fyrirgreiðslur til aðila sem tengjast sjóðnum með ákveðnum hætti. Þá benti Fjármálaeftirlitið á að sjóðnum hafi verið í lófa lagið að beina því til framkvæmdastjóra sjóðsins að fjármagna kaup bifreiðarinnar á annan máta. Fjármálaeftirlitið taldi ljóst að sjóðfélögum hafi hvorki boðist lán til bifreiðakaupa né vaxtalaus lán og gerði því alvarlega athugasemd við vaxtalaus lánveitingu sjóðsins til framkvæmdastjóra sjóðsins vegna bifreiðakaupa og krafðist Fjármálaeftirlitið þess að lífeyrissjóðurinn gætti framvegis að ákvæðum 4. mgr. 38. gr. laga nr. 129/1997.

Fjármálaeftirlitið telur rétt að taka fram að lífeyrissjóðurinn hefur þegar brugðist við framangreindri athugasemd að hluta þar sem framkvæmdastjóri, í samráði við stjórn sjóðsins, hefur endurreiknað greiðslusamkomulag vegna kaupa á bifreiðinni og reiknað á það verðbætur og sjóðfélagavexti og greitt til sjóðsins.